Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannfélagsins Sindra starfsárið 2009

Sindri

Starfsár æskulýðsnefnar Sindra árið 2009

Á aðalfundi hestamannafélagsins Sindra 28. febrúar 2009 var m.a. kosið í æskulýðsnefnd þess starfsárs og tók ný nefnd formlega til starfa á fyrsta fundi sínum rétt um viku seinna. Á þeim fundi voru lögð drög að atburðum ársins og var ljóst að hugur var í fólki til halda starfinu í svipuðum sniðum og verið hefur síðustu 2 árin. Það sem á vegum æslulýðsnefndar á þessu ári var:

- Vettvangsferð 14. mars – æskan og hesturinn
- Æfingabúðir 6. apríl – 7. apríl að Syðri-Fljótum
- Reiðskóli Sindra 7.-13. júní
- Reiðskólasýning 14. júní
- Æskulýðsmót 24. og 25. júní
- Buff og þátttökuviðurkenningar
- Uppskeru/afmælishátíð 16. október

Vettvangsferð 14. mars á sýninguna Æskan og hesturinn

Áætlað var að fara vettvangsferð á sýninguna Æskan og hesturinn 2009 14.mars. Við fórum í fyrra (2008) og vakti sú ferð mikla lukku. Sá leiði atburður átti sér þó stað að ungur maður tengdur bæði börnum og fullorðnum í félaginu lést fyrir helgina sem áætlað var að fara og var svo jarðaður 14. mars. Af tillitssemi við aðstandendur var ákveðið að aflýsa ferðinni.

Æfingabúðir að Syðri-Fljótum

Dagana 6. -7. apríl var farið í einskonar æfingabúðir að Syðri-Fljótum í Skaftárhreppi en þar sunda tamningar Kristín Lárusdóttir og Guðbrandur Magnússon. Þau tóku á móti okkur í

þeirri glæsilegu aðstöðu sem þau hafa verið að byggja upp á undanförnum árum og er þar m.a. 40 hesta hús og reiðhöll. Alls tóku þátt 28 krakkar úr hestamannafélaginu á aldrinum 6-16 ára. En við sameinuðum gæðinga barnanna á kerrur sem keyrðar voru að Fljótum sem eru í c.a. klukkutíma og 20 mínútna akstri frá Vík. Krakkarnir voru keyrðir áfram eftir dagskrá sem var samin fyrir búðirnar en krökkunum var skipt niður í hópa eftir aldri og fengu á milli þess að vera í kennslu hjá Kristínu, að búa til eigin tauma og fræðast um Járningar hjá Guðbrandi, auk þess var inn á milli lætt bóklegri kennslu og svo höfðu krakkarnir færi á að fara í sund og leika sér úti við. Haldin var kvöldvaka með Kópsfélögum þar sem allir fengu að gæða sér á pizzu og gosi. Æfingabúðirnar tókust rosalega vel og voru allir hæst ánægðir með, Þátttökukostnaður var í algjöru lágmarki en við vorum rausnarlega styrkt af Götur-Hrossarækt sem greiddi alla kennslu báða dagana og svo af Dogsledding og Víkurskála sem sá um allt fæði fyrir krakkana auk þess að duglegar mömmur sáu um bakkelsi. Kærar þakkir eru sendar til Kristínar og Guðbrands sem tóku höfðinglega á móti okkur krakkaskaranum.

Reiðskóli Sindra

Reiðskóli Sindra í Vík var dagana 7. til 13. júní og tókst með afbrigðum vel. Reiðskólinn er opinn öllum krökkum frá 5 ára aldri og ásóknin var rosalega góð eða um 80 krakkar. Hestamannafélagið sér um að útvega c.a. 30 hross en það er hinn og þessi félagsmaður sem lánar gæðing sinn til brúksins. Reiðkennarar voru tveir með aðstoðarmönnum en krökkunum var skipt niður í hópa að mestu eftir aldri, þó að hluta eftir getu. Mikla athygli vakti eins og svo oft áður hvað 5 ára krakkarnir eru dugleg og köld. Það er alveg afskaplega skemmtilegt að geta stuðlað að því að börn á þessum aldri sem annars hafa ekki tækifæri til að umgangast hestinn fái að taka þátt og læra umgengni við hestana. Útkoman er afar þakklát og alsæl börn.
Reiðskóli Sindra var einnig haldinn í Skálakoti dagana 5. til 11. júní og tókst einnig þar mjög vel, þar voru tveir kennarar en nemendafjöldi var 16 krakkar sem er þó í lakara lagi.

Reiðskólinn í Vík í útreiðartúr

Reiðskólasýning

Reiðskólasýning var haldin 14. júní í beinu framhaldi af reiðskólanum. Þar fengu börnin tækifæri á að sýna foreldrum sínum og fleirum færni sína eftir námskeiðið. Við höfðum æft

hvern hóp fyrir sig til að sýna stutta sýningu og vakti dugnaður 5 ára krakkanna mikla lukku, þau sýndu fram á að geta stjórnað hestunum í réttri röð hringinn og stoppað þegar beðið var um. Hinir hóparnir sýndu stig flóknari sýningar með allskonar slönguæfingum og þrautum. Mikla kátínu vakti stólaleikur sem eldri nemendur fengu að glíma við en hann er jú vel þekktur partí leikur aðeins útfærður á hesta þar sem knapinn þurfti að henda sér af og setjast á stól þegar merki var gefið, en sá sem síðastur var náði ekki stól og var þar af leiðandi úr og svo koll af kolli. Kennarar fengu svo að hlaupa boðhlaup við mikla kátínu nemenda þeirra. Við vorum einstaklega heppin með veður svo af hlaust skemmtilegasta sýning og var fjöldi fólks sem fylgist með krökkunum sýna listir sínar.

Æskulýðsmót

Æskulýðsmót var haldið á Sindravelli dagana 24. til 25. júní, 34 krakkar mættu sem enn verður að segja að er frábær mæting í jafn litlu félagi. Slegið var upp tjaldbúðum og svo var farið beint á námskeið til undirbúnings keppninnar sem börnin tóku svo þátt í á hestaþingi Sindra dagana 27. júní til 28. júní. Börnin fengu mjög góða og nákvæma tilsögn frá Kristínu Lárusdóttur sem skilaði sér svo aldeilis vel enda hafði Kristín kynnst þeim flestum í æfingabúðunum um vorið og vissi á hverju átti að impra. Eftir námskeiði var grill og kvöldvaka fram á nótt. Seinni daginn var haldið áfram með kennsluna og sýningartækni barnanna fínpússuð enn betur. Eftir námskeiði var haldið heim og kraftar hvíldir fyrir keppnina á hestaþinginu. Á hestaþinginu tóku alls 37 krakkar þátt í polla-, barna- og unglingaflokki sem er með betri þátttöku síðari ára en þess má geta að félagsmenn hestamannafélagsins Sindra eru 155 talsins svo leiða má líkum að því að ekki mörg félagsbörn hafi setið hjá þetta árið.

Buff og viðurkenning fyrir þátttöku á hestaþingi

Í tilefni af afmælis ári hestamannafélagsins ákváðum við í æskulýðsnefnd að láta búa til buff merkt félaginu fyrir alla yngri meðlimi félagsins og þá eldir sem áhuga höfðu á og hitti þetta alveg í mark hjá krökkunum. Það var líka svakalega gaman að líta yfir brekkuna á hestaþinginu og sjá svartan koll merktan félaginu hér og þar.

Einnig að tilefni afmælisins létum við gera sérstaka þátttökuviðurkenningu fyrir þá sem tóku þátt á hestaþinginu 27 – 28 júní og fengu allir þáttakendur í polla- barna- og unglingaflokk lítinn bikar til eignar að viðurkenningu fyrir þátttökuna ekki var laust við að bros leyndist hér og þar við mótttöku bikaranna ekki hvað síst hjá þeim yngstu sem hrósuðu óhikað sigri með bikarinn í hönd☺

Uppskeru-/afmælishátíð

Nú stendur til að halda uppskeruhátíð 16.október, en hún verður með formlegra sniði í ár en síðustu ár þar sem hestamannafélagið heldur upp á 60 ára afmælið sitt í ár. Börnunum verður boðið upp á pizzur og ís í eftirrétt, þeim verða veitt verðlaun fyrir árangur sinn í sumar, þau fá fyrirlestur frá þekktum knapa og svo verður slegið upp diskói fyrir þau. Vonandi kemur þetta vel út hjá okkur en við erum enn að móta dagskránna.

Við í æskulýðsnefndinni þetta árið erum afar ánægð með útkomu starfsársins hingað til enda virðist það hafa skilað sér í góðri þátttöku á mótum og aukinni virkni krakkanna í félagsstarfinu, á þessum þremur árum sem ég hef fengið að sýsla í nefninni hefur þáttaka aukist verulega og er einstaklega gaman að geta flaggað því. Fátt er líka jafn gefandi og skemmtilegt og að gleðja barnshjörtu.

Vetrarmót Sindra pollaflokkur

Vetrarmót Sindra barnaflokkur

F.h. æskulýðsnefndar Sindra 2009
Vilborg Smáradóttir